

# Gjaldskrá fyrir Vestmannaeyjahöfn

## Gildir frá 1. janúar 2025

### Almenn ákvæði

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Vestmannaeyjahöfn er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum.

### Um gjaldtöku tengda stærð skipa

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonn skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnanna samkvæmt hafnarreglugerð og njóta þjónustu þeirra.

#### Skipagjöld

4. gr.

##### Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 16,73 á mælieiningu skv. 2. gr. við hverja komu til hafnar.

##### Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem eru minni en 15.000 BT og leggjast við bryggju skal greiða kr. 9,46 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Af öllum skipum sem eru 15.000 BT eða stærri og leggjast við bryggju skal greiða kr. 13,02 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Lágmarksgjald fyrir lestar- og bryggjugjöld fyrir hverja komu til hafnar skal vera kr. 11.992. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald:

- Bátar og fiskiskip lengri en 20 m greiði, kr. 109,19 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 17.595 á mánuði.
- Bátar upp að 10 m að lengd greiða 7.838 kr. á mánuði.
- Bátar 10-20 m að lengd greiða 12.716 kr. á mánuði.

Komugjald fyrir skútur undir 15 m skal vera kr. 18.630 fyrir hverja byrjaða viku. Fyrir styttri viðdvöl er gjaldið 4.450 kr. fyrir hvern byrjaðan dag. Komugjald fyrir skútur yfir 15 m skal vera 5.693 kr. fyrir hvern byrjaðan dag og 25.875 fyrir hverja byrjaða viku. Innifalið í komugjaldi er vatn og rafmagn.

Gjald fyrir legu skemmtibáta við flotbryggju:

- Sumargjald fyrir báta undir 6 metrum kr. 120.311.
- Sumargjald fyrir báta yfir 6 metra kr. 150.389. Vetrargjald frá 16. september til 15. apríl kr. 81.311.
- Sumargjald fyrir langtímalegu á Edinborgarbryggju er greitt kr. 60.156. Fyrir sólarhrings dvöl er ekki greitt.

Heimilt er að leggja á allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem óska eftir langtíma viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar.

#### **Viðlegugjald ferðaþjónustuaðilar**

Fyrir einkalegu báts í ferðaþjónustu á úthlutuðu viðlegusvæði fyrir ferðaþjónustubáta greiðist mánaðargjald kr. 5.175 fyrir hvern lengdametra.

---

## Vörugjöld

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Vestmannaeyjahafnar vegna álagningar vörugjalda innan 10 daga frá komu eða brottfarar skips.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar en eru láttnar á land um stundarsakir, (transit flutningur) skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna bilunar eða tjóns á skipi. Um vörugjald af flutningi með ferjum skal semja við ferjueiganda/rekstraraðila.

7. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir, svo sem tómir gámar, fiskikör, tankar o.fl., sem endursendar eru.
- Vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- Úrgangur frá skipum sem fluttur er til eyðingar.
- Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum eða farangri ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

8. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa

við útreikninga vörugjalds. Skipstjóri eða ábyrgðarmaður skips skal láta Vestmannaeyjahöfn í té afrit af farmskrá. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið sannreyna uppgefið vörumagn og flokkun þess.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða.

Aflagjald reiknast af verðmæti afla.

## Vörugjaldskrá:

### 1. fl.: Gjald kr. 396,14 fyrir hvert tonn:

Laust efni og sekkjað svo sem bensín, brennsluolíur, laust korn, salt, kísilgúr, sement, áburður og úrgangur (brotajárn, pappír og fleira) sem fluttur er til endurvinnslu ásamt sambærilegum farmi.

### 2. fl.: Gjald kr. 754,18 fyrir hvert tonn:

Laust efni og sekkjað svo sem lýsi, fiskimjöl og fiskifóður.

### 3. fl.: Gjald kr. 815,13 fyrir hvert tonn:

Sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, þungavarningur, óunnir málmar, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, veiðafæri og smurningsolíur. Matvörur og þar með taldar drykkjarvörur.

### 4. fl.:

Annar flutningur en sá sem getið er í 1. til 3. fl. kr. 1.475 fyrir hvert tonn fyrir utan sand til uppbyggingar kr. 198,07 fyrir hvert tonn.

### 5. fl.: Aflagjald 1,38%.

Samkvæmt lögum 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, skal allur afli vigtaður á hafnarvog í löndunarhöfn.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski er 0,7% heildarverðmætis.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla mánaðarlega t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Seljandi ber ábyrgð á greiðslu aflagjalds.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

---

## Hafnsögugjöld

10. gr.

Öll erlend skip, skip með hættulegan eða mengandi varning, öll íslensk flutningaskip og öll íslensk fiskiskip lengri en 50 metrar að undanskildum þeim með heimahöfn í Vestmannaeyjum, skulu taka hafnsögumann við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið.

- Fyrir leiðsögn til hafnar að bólvirki eða lægi, kr. 7,28 fyrir hverja mælieiningu.
- Fyrir leiðsögn úr höfn kr. 7,28 fyrir hverja mælieiningu.
- Hafnsögugjald skal þó aldrei vera lægra en 53.981 kr.
- Fyrir leiðsögn innan hafnar er tekið hálf gjald.

- Ef skipstjóri skips hefur hlotið undanþágu og hafnsögumaður fer ekki um borð er greitt hafnsögugjald.

Frestist brottför eða færsla skips ítrekað um meira en 30 mínútur frá uppgefnum tíma án þess að tilkynning um það hafi borist til hafnarinnar a.m.k. 2 klst. Áður, er heimilt að innheimta lámarks hafnsögugjald aukalega.

---

## Þjónusta dráttarbáta

11. gr.

### Lóðsinn

Skemmtiferðaskipum, olíuskipum yfir 500BT og skipum með hættulegan farm er skylt að hafa dráttarbát til aðstoðar eða öryggis. Skipstjóri/hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Tímagjald fyrir aðstoð Lóðsins miðast við brúttóstærð skips, kr. 12,25 á mælieiningu. Lágmarksgjald fyrir Lóðsinn er 53.353 kr. Lágmarkstími fyrir aðstoð er 2 klst.

Fylgi dráttarbátur skipi til öryggis úr höfn, er tekið hálf gjald.

Þegar dráttarbátur flytur hafnsögumann, er greitt fast gjald fyrir hverja ferð kr. 186.537. Þegar dráttarbátur aðstoðar einnig skip eða er til öryggis, fellur gjald fyrir flutning hafnsögumanns niður.

Þjónusta Lóðsins innan hafnar kr. 53.353 fyrir hverja byrjaða klukkustund.

Þjónusta Lóðsins utan hafnar kr. 108.854 fyrir hverja byrjaða klukkustund.

Gjald fyrir aukamann á dráttarbát er 16.001 kr. á klst.

Gjald vegna aðstoðar við hjálparvana fiskiskip er samkvæmt samkomulagi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi varðandi þóknanir fyrir björgun fiskiskipa, sá á eftirfarandi slóð <https://www.sfs.is/efni/bjorgunarlaun>. Um önnur dráttarverkefni er samið sérstaklega.

### Léttabátur

Þjónusta innan hafnar kr. 17.462 fyrir hverja byrjaða klukkustund.

Þjónusta utan hafnar kr. 42.506 fyrir hverja byrjaða klukkustund.

Gjaldskrá miðast við lágmarksáhöfn skv. reglugerð. Gjald fyrir aukamann er 16.001 kr. á klst.

Í yfirvinnu er lágmarksgjald fyrir léttabát 2 klst.

---

## Festargjöld

12. gr.

Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að semja sérstaklega um festargjöld.

Festargjald fyrir hvern mann kr. 17.704.

Frestist þjónusta festarmanns um meira en 30 mínútur frá uppgefnum tíma án þess að tilkynning um það hafi borist a.m.k. 2 klst. áður, greiðist fullt festargjald per. festarmann.

---

## Farþegagjald

13. gr.

Farþegagjald skal innheimt af farþegum skemmtiferðaskipa og skemmtibáta sem hafa afnot af hafnaraðstöðu Vestmannaeyjahafnar. Gjaldið fyrir hvern farþega er kr. 420.

---

## Vatns- og rafmagnssala

14. gr.

Í samræmi við samþykkt framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyjabæjar frá 09.01.2018 og skv. reglugerð nr. 125 frá 2015 um brennisteinsinnihald í fljóttandi eldsneyti þá skulu öll skip sem liggja við hafnarbakka og geta tekið við rafmagnni úr landi tengjast landrafmagnni. Þeim skipum sem unnt er að þjóna með þessum hætti er því óheimilt að keyra ljósavélar, nema viðvera þeirra í höfn sé innan við 6 klukkustundir.

### **Vatnsgjöld:**

Vatn kr. 392, fyrir hvert tonn samkvæmt rennismæli Vestmannaeyjahafnar. Lágmarksgjald á hverja tengingu miðast við 15 tonn.

Afgreiðsla utan vinnutíma er 25.054 kr.

Í þeim tilfellum sem uppsjávarskip nýta ferskvatn til kælingar á fiski og í lestar skal greiða 150 kr./m<sup>3</sup>.

Vatnsgjald heimabáta kr. 52 á mælieiningu.

EF starfsmenn hafnarinnar lána slöngur og lykla er greitt fyrir það kr. 3.623.

### **Rafmagnssala:**

Rafmagn kr. 21,28 fyrir hverja kwst. til skipa samkvæmt rafmagnsmæli Vestmannaeyjahafnar.

Eingöngu er rukkað fyrir tengigjald rafmagns milli klukkan 00:00 til 6:30 er þá rukkað kr. 25.054 fyrir tengingu.

Mælaleiga kr. 4.679 á ári.

Ef tenglar og kaplar eru eyðilagðir vegna ofálags að þá ber sá sem olli tjóninu allan kostnað.

---

## Úrgangs- og förgunargjald

15. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 og reglugerð nr. 1200 frá 2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Vestmannaeyjahöfn taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 48 klst. fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir grein 11 c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

**a. Úrgangsgjald:** Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,83 kr. á mælieiningu. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 6.348,33 og hámarksgjald kr. 57.135.

**b. Úrgangsgjald:** Gjald skv. staflið a. má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,44 kr. á mælieiningu. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 6.348 og hámarksgjald kr. 57.135.

**c. Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á sama almanaksári greiða samkvæmt b. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.

**d. Úrgangsgjald:** Skip og bátar sem hafa varanlega viðveru skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 6.348 á mánuði.

### Förgunargjald

a. Förgunargjald: Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. grein laga nr. 33 frá 2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa á undir förgun á úrgangi sem skilað er á land. Farþegaskip yfir 60 metrar á lengd skulu greiða 2,2 á mælieiningu. Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn:

Farþegaskip undir 30.000 BT: Sorpmagn 5 m<sup>3</sup>

Farþegaskip frá 30.000 BT. til 100.000 BT: Sorpmagn 10 m<sup>3</sup>

Farþegaskip yfir 100.000 BT: Sorpmagn 15 m<sup>3</sup>

Önnur skip skulu greiða 2,3 kr. á mælieiningu. Gjaldið miðast við 5 m<sup>3</sup> af sorpi.

Greiða skal samkvæmt d-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun.

Skip og bátar sem hafa varanlega viðveru í Vestmannaeyjahöfn skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi.

Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 70.800.

**b. Förgunargjald:** Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. e-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Vestmannaeyjahöfn innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.

**c.** Samkvæmt 11. grein laga nr. 1200 frá 2014 getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs.

Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

**d.** Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. og 11. grein c-lið laga nr. 33 frá 2004 hafnalaga skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 15.000 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald einn rúmmetri. Annist höfnin móttöku á spilliefnum

eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðar umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Förgun á öðru sorpi en frá skipum er að lágmarki 7.054 kr. fer eftir magni og samsetningu sorps.

---

## Vigtargjald

16. gr.

Vigtargjald kr. 167,60 fyrir hvert tonn. Lægsta gjald kr. 1.880.

Opnunartíma hafnarvogar er frá kl. 8:00 – 17:00 á virkum dögum.

Frá kl. 17:00 – 23:00 á virkum dögum er rukkað að lágmarki 2 klst. fyrir útkall.

Á öðrum tímum er lágmarkstími útkalls 4 klst., annars til jafns við unninn tíma við löndun.

Yfirvinna vigtarmanns kr. 12.143 fyrir hverja klst.

Gjaldtaka fyrir vigtun á færanlegri vigt hafnarinnar er kr. 6.433 í dagvinnu og 12.143 í yfirvinnu. Yfirvinna reiknast eftir kl. 16:00 á virkum dögum.

Skráningargjald kr. 167,60 fyrir hvert tonn að 500 tonnum. Kr. 87,38 fyrir hvert tonn 501 til 1000 tonn og kr. 16,73 fyrir hvert tonn yfir 1000 tonn.

---

## Lóðagjöld og lóðaleiga

17. gr.

Almenn regla:

Lóðagjöld eru ákveðin af framkvæmda- og hafnarráði við úthlutun hverrar lóðar.

Samningar eru gerðir vegna geymslu á hafnarsvæðinu sem varir lengur en í 24 klst. Afsláttur er veittur ef úrræði varir lengur en í tvo mánuði.

Geymslusvæði: 156kr./m<sup>2</sup> á mánuði.

Geymsluúrræði, 20 feta gámur á svæði Vestmannaeyjahafnar 27.593 kr. á mánuði.

Geymsluúrræði, 40 feta gámur á svæði Vestmannaeyjahafnar 41.390 kr. á mánuði.

Geymslugjald fyrir nætur og troll á hafnarsvæðinu er það sama og á 20 feta gám á mánuði. Fyrir önnur veiðafæri er greitt kr. 17.928 á mánuði eftir fyrstu vikuna.

Geymslugjald fyrir vörur sem eru á hafnarbakka lengur en 3 sólarhringa fyrir lestun eða eftir losun er kr. 17.928 á sólarhring.

Skipasandur, geymslusvæði smábáta: Greiða skal fyrir afnot af geymslusvæði á sama hátt og um bryggjupláss væri að ræða. Bátar og tómar bátakerrur sem ekki greiða bryggjugjöld skulu greiða sem samsvarar lágsta bryggjugjaldi.

---

## Siglingavernd

18. gr.

Af hverju skipi, sem leggst við verndaða hafnaraðstöðu skal greiða sérstakt öryggisgjald. Gjaldið er kr. 53.928 á hvert skip.

Fyrir öryggisvöktun skal greiða tímagjald og er kr. 7.411 fyrir hvern öryggisvörð í dagvinnu og kr. 13.441 í yfirvinnu. Lágmarkstími er 2 klst.

---

## Önnur þjónusta

19. gr.

Hafnarstarfsmenn dagvinna kr. 6.433 og yfirvinna kr. 12.144.

Hafnarverðir við hreinsun og mengunarstörf kr. 9.998 fyrir hverja klst. í dagvinnu.

Hafnarverðir við hreinsun og mengunarstörf kr. 19.996 fyrir hverja klst. í yfirvinnu.

Útkall við hreinsun og mengunarstörf kr. 25.295 fyrir hverja klst.

Allur kostnaður sem til fellur við hreinsun vegna mengunaróhappa skal mengunarvaldur greiða samkvæmt lögum nr. 33/2004. Ef búnaður og tæki hafnarinnar eru notuð við hreinsun þá er greitt sérstaklega fyrir það.

---

## Um innheimtu og greiðslu gjalda

20. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

21. gr.

Skipstjóri, eigandi, umboðsmaður og umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Vestmannaeyjahafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir



skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnanna. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingafé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Vestmannaeyjahöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

24. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Vestmannaeyjahöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

---

## Gildistaka

25. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Vestmannaeyjahöfn er samþykkt af framkvæmda- og hafnarráði Vestmannaeyjabæjar þann 15. desember 2023 og skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. janúar 2025 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

---

Vestmannaeyjum, 18. desember 2024.

Dóra Björk, hafnarstjóri